

Ed.

627. Breytingartillaga

[258. mál]

við frv. til laga um Viðlagatryggingu.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

2. gr. orðist svo:

Stjórn stofnunarinnar skulu skipa fimm menn. Skulu þrír kosnir af sameinuðu Alþingi, einn valinn af þeim váttryggingarfélagum, sem innheimta iðgjöld, sbr. 3. mgr. 8. gr., en tryggingaráðherra skipar einn og skal hann vera formaður. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Stjórnarmenn skulu skipaðir til 4 ára í senn.